


5.5 Finnum horn

Á vasareiknum, undir „sin“ takkanum, er skipunin „ \sin^{-1} “ og undir „cos“ takkanum er „ \cos^{-1} “. Þær gefa okkur upp hornastærðir ef við stimplum inn lengd viðkomandi skammhliðar og langhliðar.

Við setjum dæmið upp eins og gert er í sýnidæminu:

Sýnidæmi

Reiknaðu stærð hornsins B með því að nota hornaföllin.



$$B^\circ = \tan^{-1} (\text{mótl./aðl.})$$

$$B^\circ = \tan^{-1} (4/3)$$

$$B^\circ = 53,1301^\circ$$

$$B^\circ = \sin^{-1} (\text{mótl./langhl.})$$

$$B^\circ = \sin^{-1} (4/5)$$

$$B^\circ = 53,1301^\circ$$

$$B^\circ = \cos^{-1} (\text{aðl./langhl.})$$

$$B^\circ = \cos^{-1} (3/5)$$

$$B^\circ = 53,1301^\circ$$

Takið eftir að öll hornaföllin skila nákvæmlega sömu niðurstöðu. Af hverju?

Jú, hlutföll hliðanna eru innbyrðis alltaf hin sömu.